



Keflavík íþróttafélag

578. stjórnarfundur þriðjudaginn 1. febrúar 2022 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir. Fjarverandi Jónína Steinunn Helgadóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Erindi körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur.

Erindi knattspyrnudeildar til Friðjóns vegna vallarsamnings.

Erindi frá íþróttafulltrúa Keflavíkur.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Tilnefning í ungmennaráð.

Tölvupóstur frá UMFÍ með fyrirspurn um aðalfund Keflavíkur.

Fundargerð frá unglingaráði knattspyrnudeildar.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Bréf sent á Lárus Blöndal forseta ÍSÍ og Jóhann Steinar Ingimundarson formann UMFÍ.

Hvatning til að fara saman og eiga samtali við ríkisstjórnina um aðkomu hennar að tekjumissi íþróttahreyfingarinnar.

Undirritað erindi sem körfuknattleiksdeild sendi á Kjartan Má Kjartansson bæjarstjóra

Reykjanesbæjar vegna tekjumissis körfuknattleiksdeildar.

4. Aðalfundir deilda og félagsins

Búið er að auglýsa aðalfundi deilda sem verða í febrúar. Fyrsti verður 7. febrúar og sá síðasti 21. febrúar.

Ákveðið að aðalfundur Keflavíkur verði mánudaginn 28. febrúar kl. 19:00.

5. Starf íþróttafulltrúa Keflavíkur

Umræður um starf íþróttafulltrúa. Ákveðið að 3 úr aðalstjórn fundi með íþróttafulltrúa og fari yfir starfið. Ræði starfslýsingu og hvernig við sjáum starfið fyrir okkur í framtíðinni.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 15. febrúar 2022

Fundi slitið kl. 19:40

Fundinn ritaði Eva Björk

